

- a. Kostnaðurinn við heimför útflytjandans og fólks, sem er á framfæri hans, skal aldrei falla á hann sjálfan.
  - b. Í tvíhliða aukasamningum skal ákveða, á hvern hátt kostnaðurinn við þessa heimför skuli greiddur.
  - c. Jafnvel þótt engin ákvæði um þetta felist í tvíhliða samningi, skal í upp- lýsingum þeim, sem útflytjendur fá, um leið og ráðing fer fram, tiltaka, hvaða einstaklingur eða stofnun beri ábyrgð á greiðslu kostnaðar við heim- för í þeim tilfellum, sem þessi grein ræðir um.
2. Í samræmi við hætti þá við samvinnu og samráð, sem samþykktar eru í 28. grein þessa samnings, skulu báðir samningsaðilar ákveða nauðsynlegar ráð- stafanir til að skipuleggja heimför nefndra manna og að tryggja þeim sömu skilyrði að því er snertir heilnæmi, velferð og aðstoð og þeir nutu á ferðinni að heiman.
  3. Þar til bært stjórnvald í útflutningslandinu skal undanþiggja eftirfarandi hluti tollum við endurkomuna:
    - a. persónulegar eignir;
    - b. handverkfæri og útbúnað, sem hægt er að bera með sér og eru af þeirri gerð, sem verkamenn eiga venjulega til þess að nota við sín sérstöku störf og hafa verið í eigu þeirra og notuð af þeim um nokkurn tíma og eru ætluð þeim til afnota við störf þeirra.

## 27. gr.

*Tvöföld skattaálagning.*

Samningsaðilar skulu báðir ákveða í sérstökum samningi ráðstafanir þær, sem gera ber til þess að komast hjá tvöfaldri álagningu skatta á laun út- eða inn- flytjanda.

## 28. gr.

1. Samningsaðilar skulu koma sér saman um þann hátt á samráði og samvinnu, sem nauðsynlegur er við framkvæmd ákvæða samningsins.
2. Þegar fulltrúar beggja aðila óska þess, skal Alþjóðavinnuálagstofnunin taka þátt í slíku samráði og samvinnu.

## 29. gr.

*Lokaákvæði.*

1. Samningsaðilarnir skulu ákveða, hversu lengi samningurinn gildi og lengd uppsagnarfrestsins.
2. Samningsaðilarnir skulu ákveða, hvaða ákvæði samnings þessa skulu gilda áfram eftir að hann gengur úr gildi.

## XI. Samþykkt nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.

## 1. gr.

1. Verkamenn skulu tilhlýðilega verndaðir fyrir því, að þeir séu látnir gjalda þess um atvinnu, að þeir eru félagsbundnir.
2. Slík vernd skal sérstaklega beinast að athöfnum, sem miða að því:
  - a) að binda ráðningu verkamanna til vinnu því skilyrði, að þeir gangi ekki í stéttarfélag eða segi sig úr slíku félagi;
  - b) að verkamönnum sé sagt upp vinnu eða þeim gert annað ógagn vegna hlut- deildar sinnar í félagsskap, þátttöku í félagsstarfsemi utan vinnutíma eða í vinnutíma með samþykki vinnuveitandans.

## 2. gr.

1. Félög vinnuveitenda og verkamanna skulu njóta nægilegrar verndar gegn afskiptum hverra af öðrum við stofnun þeirra, starfsemi og stjórn, hvort sem þau afskipti eru bein eða framkvæmd af umboðsmönnum eða meðlimum slíkra félaga.
2. Einkum skulu athafnir þær, sem miða að því að stuðla að stofnun verkalýðsfélaga undir yfirráðum vinnuveitenda eða félagssamtaka þeirra, eða að styrkja verkalýðsfélög fjárhagslega eða á annan hátt í því skyni að koma þeim undir stjórn vinnuveitenda eða félagssamtaka þeirra, taldar afskipti í merkingu þessarar greinar.

## 3. gr.

Þar, sem nauðsyn krefur, skal koma á ráðstöfunum, sem við eiga eftir aðstæðum hjá hverri þjóð, til tryggingar því, að félagafrelsið, eins og það er skýrt í undanfarandi greinum, skuli í heiðri haft.

## 4. gr.

Þar, sem nauðsyn krefur, skulu gerðar ráðstafanir, eftir því sem við á hjá hverri þjóð, til þess að hvetja og efla til fullrar þróunar í hagnýtingu aðstæðnanna til sjálfviljugra samninga milli vinnuveitenda eða félaga þeirra og verkamauna með skipanaráðningar- og vinnuskilyrða með sameiginlegum samningum fyrir augum.

## 5. gr.

1. Ákveða skal með lögum eða reglugerðum hvers lands, að hve miklu leyti ákvæði samþykktar þessarar skuli ná til hermanna og lögreglumanna.
2. Í samræmi við grundvallarreglu 8. mgr. 19. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnu-  
málastofnunarinnar skal fullgilding aðildarríkis á samþykkt þessari ekki talin hafa áhrif á nokkur gildandi lög, úrskurði, venju eða samkomulag, sem veita hermönnum eða lögreglumönnum einhver þau réttindi, sem tryggð eru með þessari samþykkt.

## 6. gr.

Samþykkt þessi tekur ekki til stöðu opinberra starfsmanna, sem vinna að stjórnarframkvæmdum ríkisins, né heldur skal hún skilin á þann veg, að hún skerði rétt þeirra eða stöðu á nokkurn hátt.

## 7.—16. gr.

(Samhljóða 10.—19. gr. samþykktar nr. 94.)

## XII. Álitsgerð nr. 87 um aðstoð við stöðuval.

### I. Almenn ákvæði.

1. Í álitsgerð þessari merkir „aðstoð við stöðuval“ aðstoð, sem einstaklingi er látin í té við að ráða fram úr vandamálum í sambandi við stöðuval og frama í starfi með fullu tilliti til eiginleika einstaklinganna og möguleika þeirra í starfi.
2. Aðstoð við stöðuval byggist á frjálsum og óháðu vali einstaklingsins. Aðaltilgangur hennar er að gefa honum fullkomið tækifæri til persónulegs þroska og starfsgleði, en fullt tillit skal tekið til þess, að vinnuafli þjóðarinnar sé sem bezt nýtt.
3. Aðstoð við stöðuval er stöðug starfsemi, og grundvallarmarkmið hennar eru þau sömu, hvað sem líður aldri þeirra einstaklinga, sem aðstoðar njóta. Þessi markmið hafa beina þýðingu fyrir velferð einstaklinganna hvar sem er og hagsæld allra landa.